

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

ÁGÚST 2015



8. tbl. 18. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

Í ALFARALEIÐ

20 ára afmæli
SÁMVEPPI Í MELASKÓLA

Aðalskoðun

Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930

- bls. 4-5
Viðtal við
Örnólf Árnason

- bls. 8
Skúli Ólafsson
prestur í
Neskirkju

**Krakkar frá Sæborg
færðu Vesturgarði
listaverk að gjöf**

Sigprúður Erla ásamt nokkrum krökkum frá Sæborg við myndverkið sem þau færðu Vesturgarði að gjöf á dögnum.

Nemendur úr leikskólanum Sæborg komu og færðu Vesturgarði listaverk að gjöf á dögnum. Þetta er mikið og öflugt verk sem kemur til með að lífga uppá vinnustaðinn.

Krakkarnir unnu þemaverkefni á Brúarenda vorið 2015 og var það unnið í samstarfi við Listasafn Einars Jónssonar sem var liður í Barnameningarhátíð í Reykjavík apríl 2015.

Þemavinnan tengdist höggmynd Einars „Dögun“, sem er stytta af nátttröllo og er hún innblásin af þjóðsögunni „Nátttröllo á glugganum“. Listaverkið var sýnt á listasafninu á hátíðinni. Starfsfólk

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

græn heilsa
lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121
facebook.com/graenheilsa

Gríðarleg fjölgun í Melaskóla

Í haust voru hátt á sjöunda hundrað börn skráð í Melaskóla eða um 660 talsins. Fyrir tveimur árum voru um 550 börn skráð í skólann. Þetta þýðir að um eitt hundrað fleiri nemendur eru nú skráðir til náms í Melaskóla en haustið 2013 sem er gríðarleg fjölgun eða um allt að fimmting.

Þetta segir nokkuð um íbúaþróun í Vesturbænum vestan Hringbrautar á þessum tíma. Fólki með börn virðist fara fjölgandi enda hverfið afar vinsælt til búsetu og næstum slegist um hverja íbúð sem kemur í sölu. Melaskóli á sér um 70 ára sögu sem einn fremsti barna- og síðar grunnskóli landsins

og kann gott skólaumhverfi að hafa nokkur áhrif á vinsældir hverfisins. Á Melunum er góð aðstaða fyrir börn að fara í skólann hvort sem er gangandi eða hjólandi og flestar vegalengdir mjög greiðfærar. Það eykur öryggi foreldra og dregur verulega úr óþörfum akstri vélknúinna ökutækja

um hverfið. Melaskóla er fimm bekkja skóli með börn á yngsta stigi og miðstigi en eftir það tekur Hagaskóli við sem stendur nokkru vestar aða vestan við Háskólabíó þaðan sem nemendur af Högum og Melum ljúka grunnskólaprófi. Vissulega er orðið þröngt á þingi í Melaskóla en með góðri skipulagningu skólastjórnenda hefur tekið að finna öllum nemendum frá fyrsta til fimmta bekkjar rúm í skólanum.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



Melabúðin
þín verslun

f Sími 551-0224

**Lambakjöt & kjúklingur
helgartilboð!**

Lambaprime 3298 kr/kg
Kindafille 2998 kr/kg

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
27. - 30. ágúst, á meðan birgðir endast

Íslenskt
grænmeti
í úrvali



Heill Kjúklingur
20% afsláttur



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

8. tbl. 18. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

Vöxtur og viðgangur í Vesturbænum

Í frétt hér í blaðinu er sagt frá því að nemendum Melaskóla hafi fjölgað um allt að fimmtung á síðustu tveimur árum. Í haust er óvenju stór árgangur barna að hefja skólagöngu en það eitt og sér skýrir ekki þá miklu fjölgun sem nú á sér stað á Melunum. Ljóst er að ungu fólki með börn er að fjölga í Vesturbæ Reykjavíkur og kemur margt til. Melarnir og Hagarnir eru eitt eftirsóttasta íbúðahverfi Reykjavíkur. Ákveðin endurnýjun er að eiga sér stað í borgarhlutanum. Yngra fólk festir kaup á húsnæði þegar það eldra hverfur á braut. Á Melunum og Högunum er stutt í skólann. Umferð er á rólegum nótum og auðvelt fyrir börin að fara ferða sinna gangandi eða á hjólum.

Melarnir og Hagarnir eru þó ekki eini borgarhlutinn vestan Lækjar þar sem fólki fer fjölgandi. Víða í Vesturbænum standa byggingaframkvæmdir yfir. Verið er að byggja út við Grandann og í gamla Vesturbænum er efnt til nýbygginga. Námsmannaíbúðir hafa verið byggðar á Háskólasvæðinu og víðar mætti geta um framkvæmdir.

Ekkert undarlegt er við að fólk kjósi þetta svæði Reykjavíkur til búsetu. Vesturbærinn hefur yfir sér bragð rólegrar íbúðabyggingar en er engu að síður í göngufæri frá Miðborginni. Fleiri íbúar gefa einnig vaxandi þjónustu byr undir vængi. Þess má sjá stað í Örfirsey þar sem mikill vöxtur verslunar og þjónustu er staðreynd og fer vel á með þeirri þjónustustarfsemi og útvegnum sem þaðan hefur verið stundaður um áratugi. Verslanir og kaffihús eru tekin að spretta upp í hverfi 107 eins og sjá má af nýrri Háskólabúð og væntanlegu kaffihúsi í gróinni verslun við Hagamel.

Umbreyting Vesturbæjarins hófst raunar fyrir þremur til fjórum áratugum. Líkt og sjá má í viðtali við Örnólf Árnason rithöfund og menningar- og ferðamálafrömuð hér í blaðinu þar sem hann lýsir breytingum sem urðu þegar hann var að ala sín börn upp við Bræðraborgarstíginn á árunum frá því fyrir 1970 og fram um aldamót. Ungt fólk sótti inn í Vesturbæinn um leið og hið eldra hvarf á braut.

Um tíma var því spáð að megin vöxtur Reykjavíkurborgar yrði í aðskildum úthverfum sem sífellt teygðu sig til austurs í Borgarlandinu – jafnvel austur með Suðurlandsvegi og upp að Úlfarsá. Þótt byggt hafi verið nokkuð á þeim svæðum hefur ekki dregið úr vexti og viðgangi Vesturbæjarins – hvorki þess gamla og gróna eða yngri hlutum hans. Þessi þróun hefur orðið fyrir áhuga fólksins sjálfs og borgaryfirvöld hafa vilja mæta óskum þess og þörfum.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



Samningur við LR

Reykjavíkurborg hefur framlengt rekstrarsamning við Leikfélag Reykjavíkur til næstu þriggja ára. Samkvæmt fjárhagsáætlun menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2015 nemur heildarframlag til starfsemi og reksturs Borgar-leikhússins um 936 milljónum króna sem er hæsti rekstrar-samningur Reykjavíkurborgar í menningarmálum. Markmið borgarinnar með þessum stuðningi er að þar sé rekið fjölbreytt og metnaðarfullt leikhús þar sem sett er á svið leiklist í hæsta gæðaflokki Samningurinn gildir til ársloka 2018.

Deilt um tónlistarnám

Tónlistarskólinn í Reykjavík, Tónlistarskóli FÍH, Söngskólinn í Reykjavík og Söngskóli Sigurðar Demetz telja sig í þeirri alvarlegu stöðu að geta ekki fjármagnað starfsemi sína. Ef það verður ekkert gert í málunum þá er vandséð hvernig tónlistarskólar í Reykjavík geti haldið áfram starfsemi sinni,“ segir Þórunn Guðmundsdóttir, stjórnar-maður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík. Málið snýst um ágreining ríkis og Reykjavíkurborg-ar um framlag til tónlistarmenntunar á framhaldsstigi. Sumarið 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um nokkuð hundruð milljón króna fjárframlag ríkissjóðs. Átti fjárhæðin að ganga upp í kennslukostnað allra framhaldsstignemenda á landinu. Nemendum hefur fjölgað mun meira en gert var ráð fyrir og nú er deilt um hverjum beri að greiða það sem upp á vantar.



Útdeilt úr Menningar-potti Landsbankans

Þremur milljónum króna var veitt úr Menningarnæturpotti Landsbankans til 32 verkefna og viðburða sem fram fara á Menningarnótt. Menningar-næturpottur er samstarfsverkefni

Landsbankans og Höfuðborgarstofu en bankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi. Allur fjárstuðningur Landsbankans rennur beint til listamanna og hópa sem koma fram á hátíðinni. Þetta er í sjötta sinn sem styrkir eru veittir úr Menningarnæturpottinum. Í ár bárust vel yfir hundrað umsóknir og valdi starfshópur á vegum Höfuðborgarstofu styrkþegana. Við úthlutun var kastljósinu meðal annars beint að viðburðum á torgum miðborgarinnar; nýjum og gömlum, stórum og litlum, fundnum og földum. Landsbankinn mun til viðbótar við þessa styrki standa fyrir sinni árvissu menningardagskrá í útibúi sínu í Austurstræti.

Vilja byggja ofan á Bárugötu 30

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja hæð ofan á einbýlishús við Bárugötu 30 og klæða með bárujárnri Ákvörðun hefur verið frestað en nokkrar athugasemdir hafa borist vegna fyrirhugaðra framkvæmdar.

Hugað að breytingum við Eggertsgötu

Frestað hefur verið ákvörðun um breytingar á fyrstu og annarri hæð við Eggertsgötu 2 til 4. Breytingarnar miða að því að geymslur verði færðar og endurbyggðar, afmörkuð verð svæði fyrir kerrur og vagna og að anddyri á fyrstu hæð verði stækkað.

Frestað að ákveða nýtt eldhús fyrir Hagaskóla

Frestað hefur verið ákvörðun um leyfi til þess að gera nýtt eldhús fyrir mótuneyti Hagaskóla, saga burt hluta af skorsteini og gera hurðargat á vegg. Hagaskóli hefur verið í fréttum fyrir að núverandi eldhús anni ekki lengur nemendafjölda skólans.

Niðurrif leyft við Hafnarstræti 19

Samþykkt hefur umsókn um takmarkað byggingarleyfi fyrir niðurrif við Hafnarstræti 19. Lóðarhafa er í samráði við byggingarfulltrúa skylt setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað og tryggja að vélknúinn þvottabúnaður verði til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði

þrífarnar áður en þær yfirgefa viðkomandi byggingarsvæði.

Leitað að afrekskonum fyrr og nú

Reykjavíkurborg safnar nú frásögnum af afrekum kvenna sem hafa með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á eigið líf eða annarra, tekist á við erfið eða óvenjuleg verkefni eða afrekað eitthvað annað sem gaman væri að segja frá. Til stendur að setja upp afrekasýningu kvenna á Íslandi sem opnuð verður í Ráðhúsi Reykjavíkur í september. Þar verður gerð grein fyrir framlagi kvenna til íslensks samfélags, persónulegum og pólitískum sigrum, afrekum í hversdagslífi og á opinberum vettvangi. Sýningin verður með fjölbreyttu sniði, notast verður við myndir, texta, hljóð- og myndupp-tökur og annað það sem kemur afrekunum sem best til skila.

Ólöf tekur við Listasafninu

Ólöf K. Sigurðardóttir hefur tekið við sem safnstjóri Listasafns Reykjavíkur. Hún tekur við starfinu af Hafþóri Yngvasyni sem hefur gegnt stöðunni undanfarinn áratug. Ólöf útskrifaðist frá School of the Art Institute of Chicago árið 2003 með meistaragráðu í stjórnun listasafna og sýningargerð (Arts Administration) en í því skarast þrjár fræðigreinar; menningarstjórnun, safnafræði og listfræði. Hún útskrifaðist úr málaraeild Myndlistar- og handiðaskóla Íslands árið 1989 og hefur jafnframt lagt stund á nám í listasögu og heimspeki á Ítalíu og við Háskóla Íslands, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Listasafni Reykjavíkur. Ólöf starfaði við safnið sem deildarstjóri fræðslueildar um árabil þar sem hún bar ábyrgð á stefnumótun, skipulagi og framkvæmd fræðslustarfs safnsins, sat í sýningarnefnd þess og kom að því að móta sýningarstefnu þess auk þess að vera sýningarstjóri á annan tug sýninga. Hún hefur starfað forstöðumaður Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnafjarðar, frá árinu 2008 þar sem hún var í senn listrænn stjórnandi en bar jafnframt ábyrgð á stefnumótun og rekstri safnsins. Samhliða stjórnunarstörfum á sviði myndlistar og menningar hefur Ólöf sinnt kennslu og ýmsum trúnaðarstörfum innan myndlistarheimsins, háskólasamfélagsins og fyrir safnmenn.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Vesturbæingar



Nú þarf maður að koma sér í form eftir sumarið.



Register Now!

AUTUMN 2015

Study Icelandic at Mímir

**CITY
CENTRE**



Öldugata 23, 101 Reykjavík

- At Mímir everyone is welcome and the atmosphere is relaxed.
- Courses are based on the curriculum of Icelandic as a second language published by The Ministry of Education, Science and Culture.
- Solid training in comprehension, listening, reading, writing and speaking.
- Variety of courses, diverse teaching material and fun teaching methods.

**EAST
CITY**



Höfðabakki 9, 110 Reykjavík Bus line no. 6 from city centre and bus line no. 12 from Breiðholt

**First courses start early
in September**



Registration: tel. 580 1800 or at www.mimir.is

Viðtal við Örnólf Árnason:

Í lista- og menningarlífi og fararstjórn

Örnólfur Árnason er einn af þekktari mönnum í menningarlífi hér á landi. Hann hefur ritað nokkrar bækur og leikrit, fengist við blaðamennsku og listgagnrýni, framleitt kvikmyndir og síðast en ekki síst tekið þátt í og staðið fyrir margvíslegum menningarviðburðum í gegnum tíðina. Hann var meðal annars framkvæmdastjóri Listahátíðar 1979 til 1983, stýrði Kvikmyndafélaginu Óðni um tíma.

Örnólfur hefur einnig fengist mikið við þýðingar og meðal annars þýtt verk eftir Tennessee Williams, Harold Pinter, Arnold Wesker, Peter Shaffer, Buero Vallejo og Garcia Lorca. Hann hefur einnig gert marga útvarps- og sjónvarpsþætti og á síðasta áratug hefur hann framleitt útvarpsþætti á ferðum sínum og sagt frá sögu og menningu Spánar, fjallað um fólk Norður-Afríku og Suður-Ameríku svo nokkuð sé nefnt. Hann er einnig vel þekktur fyrir störf að ferðamálum. Starfaði á Spáni fyrir ferðaskrifstofuna Útsýn á þeim árum þegar Íslendingar voru að stíga sín fyrstu skref í Suður Evrópu og nú hefur hann tekið þann þráð upp aftur og farið með hópa til austurhluta Asíu. Örnólfur bjó ásamt eiginkonu sinni Helgu Elínborgu Jónsdóttur leikkonu og fjórum börnum þeirra á Bræðraborgarstígnum nánar tiltekið í húsi Eldeyjar Hjalta í um þrjá áratugi. Börn Örnólfs og Helgu eru; Margrét tónlistarmaður og rithöfundur fædd 67, formaður Félags leikskálda og handritshöfunda sem faðir hennar stofnaði á sínum tíma, Jón Ragnar fæddur 1970, lögfræðingur og sellóleikari og býr í Singapore, Alfrún Helga leikari fædd 81 og Árni Egill fæddur 83 sem er læknir og býr í Svíþjóð. Auk þess að hafa búið á Bræðraborgarstígnum í um þrjá áratugi á Örnólfur aðrar tengingar við Vesturbæinn. Hann spjallar við Vesturbæjarblaðið að þessu sinni.

„Ég er ekki fæddur í Vesturbænum en tengist Vesturbænum á ýmsan máta. Faðir minn Árni Þorsteinn Egilsson bjó á Bárugötu 6 þegar hann var krakki og gekk í Miðbæjarskólann. Þegar ég fæddist, í stríðinu, ráku amma mín og afi, Margrét Árnadóttir og Egill Benediktsson umfangsmikla veitingastarfsemi á neðstu tveimur hæðum Oddfellowhúsins við Tjörnina sem hét Tjarnarkaffi. Þau bjuggu í Tjarnargötu 11 þar sem Ráðhúsið stendur nú. Þegar ég var fjögurra ára keyptu þau gamla biskupshúsið við Tjarnargötu 26. Ég fluttist til þeirra þegar ég var í menntaskóla og bjó hjá þeim fram yfir stúdentspróf. Ég tel mig því eiga talsverðar rætur fyrir vestan Læk. En svo kemur svolítið hlé. Eftir að við Helga giftum okkur 1967 bjuggum við á nokkrum stöðum hingað og þangað í bænum en árið 1970 keyptum við gamalt sögufrægt „norskt“ hús á horninu



Fjölskyldan á Bræðraborgarstíg 8 – í húsi Eldeyjar Hjalta á níunda áratugnum. Frá vinstri: Margrét, Jón Ragnar, Árni Egill, Helga Elínborg, Alfrún Helga og Örnólfur.

á Bræðraborgarstíg og Ránargötu, hús Eldeyjar Hjalta, og bjuggum þar næstu 30 árin.“

Ungir listamenn flykkjast í Vesturbæinn

„Þegar við keyptum húsið var að hefjast alda ungra bóhema að kaupa og gera upp gömul timburhús. Margir vinir okkar höfðu eignast sínar fyrstu íbúðir í nýju hverfunum til dæmis Breiðholti en nokkrum árum seinna vildu allir komast aftur í gamla bæinn. Við vorum nokkuð fljót til og foreldrar okkar, afar og ömmur og aðrir velviljaðir, réðu okkur frá þessu flani, að kaupa „fúaspýtuhjalla“, því þetta var einmitt það sem þeirra kynslóðir höfðu viljað flýja frá. Rauða húsið númer 8 við Bræðraborgarstíg kostaði eitthvað svipað og þriggja herbergja blokkaríbúð en auðvitað var margt sem við þurftum að lagfæra. Við vorum svo heppin að eiga einhvern mesta sérfræðing landsins í varðveislu gamalla húsa að einkavini, Magnús Skúlason arkitekt. Hann var auk þess nágranni okkar, bjó í efri hluta húss foreldra sinna á Bakkastíg 1 og var nýbúinn að gera það húsnæði upp.“

Sex sjómenn í einu kjallaraherbergi hjá Eldeyjar Hjalta

Auðvitað var þetta kostnaðarsamt hjá okkur, við unnum oft dag og nótt við að skrapa og mála og smíða en þetta var engu að síður dásamlegur tími. Við byggðum bíslag við norðurhliðina, nýjan aðalinnangang með salerni, settum kvist á efri hæðina og grófum kjallargólfíð niður um 25 sentimetra eða eins djúpt og grunnurinn leyfði til þess að gera kjallarann íbúðarhæfan.

Þegar við fluttum inn í húsið var bara lúga í eldhúsgólfinu upp á gamla mátann og tréstiגי niður og í eina þiljaða herberginu í kjallaranum, sem ekki var ýkja margir fermetrar, ku stundum hafa sofið sex til átta sjómenn úr skipshöfn Hjalta. Þannig breytast kröfurnar.“

Fá börn í Vesturbænum

Örnólfur segir ýmislegt hafa breyst í Vesturbænum á fyrstu 10 til 15 árunum eftir 1970. „Þegar við fluttum áttum við tvö börn, eins og þriggja ára. Það var fátt um leikfélaga fyrir þau því í hverfinu bjuggu næstum eintómir ellibelgir. Jafnvel eftir að krakkarnir okkar komust á skólaaldur dingluðu yfirleitt bara 12 til 14 krakkar í hverjum árgangi í stofunum í gamla Stýrimannaskólanum sem þá var orðinn barnaskóli. Þetta breyttist með dramatískum hætti á næsta einum og hálfum áratug og þegar yngri krakkarnir okkar uxu úr grasi var búið að byggja Vesturbæjarskólann og hann að springa utan af ómegðinni í hverfinu.“ Örnólfur segir að þetta hafi gerst án þess að mikið væri byggt af nýjum húsum á þessum tíma heldur hafi orðið svona mikil breyting á aldurssamsetningu íbúanna á örfáum árum. „Ungt barnafólk sat um íbúðirnar og keypti þær um leið og gamla fólkið hrökk upp af. Að þessu orðum við vitni áratugina þrjá sem við bjuggum á Bræðraborgarstígnum. Þar sem áður fannst ekki nokkur leikfélagi handa ungum börnum var allt í einu orðinn til yndislegur þorpsbarnur sem lýsti sér í því að allir krakkarnir, bæði yngri og eldri, léku sér saman í stórfiskaleik og fallin spýtan og stundum stóð hópur af krökkum í forstofunni hjá okkur að bíða

eftir félögum sínum á meðan við lukum við kvöldmatinn. Við vorum alltaf síðust að borða eftir búsetu á Spáni þar sem ekki tíðkast að snæða fyrr en með seinna fallinu.“

Ómálaður panell skyldi það vera

Örnólfur segir ýmislegt fyndið hafa átt sér stað í sambandi við þessa rómantísku sveiflu að gera upp gömul hýbýli. „Þetta var ekki litill partur af lífi okkar, unga fólksins sem keypti sér gömul hús, að spekulera, bera saman bækur um hvernig standa ætti að endurbótunum. Og það tæmdust margir rauðvínskútarnir undir þessum bollaleggjum. Í fyrstu var álitíð langflottast að ná panelnum alveg hreinum. Við rifum því veggfóðrið utan af panelnum en þá kom í ljós að hann hafði nær alls staðar verið málaður. Og þá fór í verra. Við þurftum að ná málningunni af. Það þýddi að allskonar efni voru borin á málninguna og svo var skrapað og skrapað sem var hræðilega tímafrekt. Þetta létum við þó yfir okkur ganga því það voru nánast trúarbrögð að panellinn yrði að vera ómálaður. Svo liðu nokkur ár og þá uppgötvaði einhver smekkaður það að panell var miklu falletgri málaður og þá var drifið í að hvítmála panelinn sem við höfðum áður stritað við að skrapa. Svona sveiflast smekkurinn og við eins og tuskudúkkur með honum.“

Úr hefðbundnu háskólanámi í lista- og menningarlífið

Þá berst talið að lífshlaupi Örnólfs. Hvað hafði hann í hyggju að taka sér fyrir hendur að menntaskóla loknum. Hann

byrjaði í lögfræði en fór svo á kaf í lista- og menningarlífið. „Það var með mig eins og marga jafnaldra mína að við vissum ekki hvað við vildum taka okkur fyrir hendur eftir að hafa fengið stúdentshúfuna. Þá voru ekki eins margar leiðir í Háskóla Íslands og nú er og engir sjóðir sem hægt var að sækja um námslán eða námsstyrki í. Aðeins þeir sem áttu efnaða foreldra eða aðra styrktaraðila komust til útlanda til náms. Eftir útskrift úr MR fór ég eftir útilokunaraðferðinni og valdi lögfræði. Ég hafði raunar heilmikinn áhuga á henni og stundaði námið ágætlega í rúmlega tvö ár og bætti meira að segja við mig öðru fagi, viðskiptafræði, sem ég stundaði líka þrýðilega. Móðir mín, Finnborg Örnólfsdóttir, var mjög ánægð með mig vegna þess að hana dreymdi helst um að senda mig í utanríkisþjónustuna. Hún sá mig fyrir sér sem sendiherra þjóðarinnar út um allan heim og taldi mig ljómandi vel til þess fallin. En það fór svolítið á annan veg því mér bauðst vinna á Morgunblaðinu sem blaðamaður og varð svo heltekinn af því starfi að ég hætti alveg að sinna háskólanum og starfaði þess í stað við blaðamennsku næstu þrjú árin. Ég gerðist líka leiklistargagnrýnandi blaðsins og var á þessum árum orðinn nokkuð virkur þátttakandi í lista- og menningarlífinu. Um sama leyti fór ég sjálfur að fást við að skrifa leikrit, þýða úr ensku og sömuleiðis að kenna í framhaldsskólum. Síðan hóf ég aftur nám í Háskólanum en þá í Heimspekideild, í ensku og íslensku. Ég lauk því námi ekki alveg heldur því skömmu eftir að við keyptum húsið á Bræðraborgarstígnum ákváðum við Helga að fara til Barcelona í eitt ár þar sem við fórum í nám við háskóla og leiklistarskóla. Eftir það hef ég ekki setið á skólabekk.“

Els Comedians og Bernhöftstorfan

Örnólfur kveðst á þessu tíma hafa flækst út í ýmis félagsmál. „Vinir mínir leikritahöfundar fengu mig til að gerast formaður Leikskáldafélagsins sem við stofnuðum árið 1975. Ég hafði brennandi áhuga á að fást við hin ýmsu hagsmunamál leikskálda og var formaður félagsins í ellefu ár auk þess sem ég var um nokkurra ára skeið formaður Leikskáldasambands Norðurlanda og varaforseti Alþjóðasamtaka leikskálda.“

Örnólfur segir að öll þessi starfsemi á listasviðinu hafi hlaðið utan á sig. „Árið 1979 var ég beðinn um að gerast framkvæmdastjóri Listahátíðar og næstu fjögur árin veittum við Njörður P. Njarðvík, sem var stjórnarformaður, hátíðinni forstöðu.“ Örnólfur segir að það hafi verið skemmtileg ár. „Eitt það eftirminnilegasta af mörgu á þessum árum var þegar við fengum leikflokkin Els Comedians frá Barcelona



Örnólfur við fararstjórn á framandi strönd.

hingað til lands árið 1980. Joan Font upphafsmaður og leikstjóri Els Comediants var félagi minn og vinur frá Katalóníudölinni. Annars hefðum við ekki haft ráð á að fá slíkan leikflokk sem var um það bil að verða frægasta götuleikhús veraldar. Þess má geta að 12 árum síðar opnuðu Els Comediants heimssýninguna í Sevilla og ráku endahnútinn á Ólympíuleikana í Barcelona. Els Comediants tókst að umturna Reykjavík allt frá fyrsta degi hátíðarinnar og margir rekja stórkostlegar breytingar á bæjarlífinu og meðal annars opnum kaffihúsa víðs vegar um miðbæinn til heimsóknar leikflokksins.“

Fúaspýtu hjallar að augnakonfekt

Örnólfur nefnir annað sem gerðist á þessum tíma og breytti svip bæjarins og hann kveðst hafa verið svo heppinn að fá að vera þátttakandi í „Það var þegar

við máluðum Bernhöftstorfuna. Til stóð til að rífa gömlu húsin á Torfunni eins og kunnugt er. En við tókum okkur til, hópur áhugafólks um varðveislu gamalla húsa, fórum á fætur um miðja nótt og vorum búin að mála þök húsanna og þær hliðar sem snéru út að Lækjargötu og Bankastræti þegar bæjarbúar komu á stjá um morguninn. Þá blóstu þessir „úaspýtu hjallar“ orðnir að augnakonfekt. Það var eins og við manninn mælt að nær hver einasti maður sem áður hafði verið meðmæltur því að rífa húsinn skipti um skoðun. Engin hræða með snefil af sómatilfinningu hreyfði því máli frekar. Þetta sumar voru eldri hús um allan bæ máluð í fallegum litum sem Magnús vinur minn Tómasson, myndlistarmaðurinn snjalli, hafði valið. Þannig hafði þetta stórkostleg áhrif á útlit Reykjavíkur og opnaði augu almennings fyrir gildi bygginga fortíðarinnar. Torfusamtökin gerðu síðan öll húsin barna

upp og þegar ég tók umsjón Listahátíðar hafði ég skrifstofur í Landlæknishúsinu og í Gimli.“


Riðu ekki feitum hesti frá „kvikmyndavorinu“

Og þá er komið að kvikmyndagerðinni í lífi Örnólfs Árnasonar. Hvað kom honum til að fara að framleiða kvikmyndir? Hann segir að Listahátíð hafi jafnframt staðið fyrir kvikmyndahátíðum og fyrirrennarar þeirra Njarðar, Hrafn Gunnlaugsson og Davíð Oddsson, hafi bryddað upp á þeirri nýlundu að halda kvikmyndahátíð innan vébanda listahátíðar. „Við samstarfsfólkið, auk Njarðar þau Guðrún Helgadóttir, Thor Vilhjálmsson, Atli Heimir Sveinsson og Sveinn Einarsson, höldum þessu áfram og gerðum kvikmyndahátíðina að árlegum viðburði en Listahátíð í Reykjavík var þá haldin annað hvert ár. Þetta var afskaplega skemmtilegt viðfangsefni

og leiddi til kynna við ýmsa frábæra listamenn á vettvangi kvikmyndagerðar heimsins. Áður en ég vissi af var ég líka kominn út í kvikmyndagerð. Á þessum tíma sem kallaður hefur verið íslenska kvikmyndavörð kom kippur í kvikmyndagerð hér á landi sem haldist hefur óslitið síðan. Þorsteinn Jónsson kvikmyndaleikstjóri, Þórhallur Sigurðsson leikari og leikstjóri og ég stofnuðum kvikmyndafélagið Óðinn hf. og var Þórhallur formaður og ég framkvæmdastjóri. Þorsteinn leikstýri síðan tveimur kvikmyndum sem ég framleiddi. Önnur var Punktur punktur komma strik byggðri á skáldsögu Péturs Gunnarssonar og Atómstöðinni sem gerð var eftir skáldsögu Halldórs Kiljan Laxness. Þessar kvikmyndir hlutu gífurlega aðsókn. Á Punktinn komu 75 þúsund áhorfendur og yfir 60 þúsund sáu Atómstöðina. Atómstöðin var fyrsta íslenska kvikmyndin sem valin var á Kvikmyndahátíðina í Cannes, árið 1985. Ekki riðum við þó feittum hesti frá þessu framtaki fjárhagslega því við fengum nær engan framleiðslustyrk frá íslenska ríkinu og sátum uppi stórskuldugir vegna persónulegra ábyrgða eftir gerð Atómstöðvarinnar“

Kynntist eigin þjóð sem fararstjóri í útlöndum

Örnólfur hefur lengi tengst ferðamennsku og ferðaþjónustu og man tímana tvenna í þeim efnum. „Ég hafði snemma gaman af að ferðast en datt þó ekki í hug að það ætti fyrir mér að ligga að hafa atvinnu að að skoða mig um í heiminum. Ingólfur Guðbrandsson sem var góður kunningi minn stakk upp á því við mig að ég ynni fyrir hann sumarið 1968 við leiðsögn íslenskra ferðahópa í London þar sem ég var samsíða kunnugur. Þá tíðkaðist að senda hópa með venjulegu áætlanarflugi til London sem síðan fóru til Miðjarðarhafsins og dvöldu þar gjarnan um ellefu daga skeið en á bakaleiðinni þrjá daga í London til að sjá sig um og kaupa föt á sig, börnin og barnabörnin sem þá var margfalt hagstæðara heldur en í Reykjavík. Upp úr þessu atvikaðist það svo að Ingólfur bað mig að fara að vinna fyrir sig á Spáni eftir að hann og Guðni í Sunnu byrjuðu með beint flug, eins konar loftbrú til Miðjarðarhafsins sem gerbreytti ferðavenjum Íslendinga og opnaði almenningi möguleika til utanlandsferða. Það var frábært að fá að vera þátttakandi í þessu ævintýri og sjá hvað það veitti Íslendingum úr öllum stéttum mikla gleði og ég held mikinn þroska.“ Örnólfur segir það hafa



Örnólfur frá þeim tíma að hann stýrði listahátíð.

verið dásamlegt að hossast með
í sömu rútnunni yfir fjöll Andalúsíu
„sauðsvartan íslenskan almúga“,
forstjóra og alþingismenn og sýna
þeim Alhambrahöllin í Granada,
moskuna miklu í Córdoba og
dómkirkjuna í Sevilla.

Tryggðabönd við Andalusíu

„Eftir þessa dvöl í Andalúsíu hef ég bundist þeim stað tryggðaböndum. Svo djúpt áhrif hefur menning, saga og allt andrúmsloft þessa héraðs haft á mig. Og mér er líka ljóst þegar ég lít um öxl að í hlutverk fararstjóra fékk ég þarna einstakt tækifæri til þess að kynna þjóð minni sem ég held að ég hefði aldrei fengið á Íslandi. Ég hætti að starfa hjá Útsýn þegar ég tók við listahátíð og fór í framhaldið af því að gera kvikmyndir.“ Örnólfur segir að þrátt fyrir það hafi ferðlöngunin ekki skilið við sig og hann hafi gert talsvert af því á undanförunum tveimur áratugum að ferðast um fjarlægð lönd og gera útvarpsþætti t.d. um ferðir til Marokkó, Andalúsíu, Kúbu og Suðaustur Asíu. „Þessir útvarpsþættir hafa orðið mjög vinsælir og því varð það að ferðaskrifstofan Óriental sem sérhæfir sig í ferðum til Asíu fékk mig til samstarfs og er ég t.d. að fara með fjórða íslenska hópinum til Bali á þessu ári. Ég er með fjölmargar ferðir fyrirhugaðar á næsta ári bæði til Indónesíu, Singapúr, Víetnam og Kampútseu auk ferða til Andalúsíu og Marokkó.“

Örnólfur lætur ekki deigan síga
og er að svo mæltu þotinn á fund
þar sem verkefnin bíða hans.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð




Hringdu núna.

Davíð Ólafsson
Löggiltur fasteignasali

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



120 hylki.

**Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni,
Grænni heilsu, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup.**



lifestream
hreinn lífræn næring

hrein lífræn næring



Úr félagsmiðstöðinni á Aflagrandu.

Allt að fara á fullt á Aflagrandu

Nú dregur að hausti og íbúar Vesturbæjar fara að huga að viðfangsefnum vetrarins. Félagsmiðstöðin Vesturreitir, Aflagrandu 40 er í óða önn að búa sig undir vetrarstarfið og þar gefur að líta fjölbreytt úrval náms- og affreyingarefnis að venju. Megináhersla starfsins verður eins og áður á að búa sem flestum eftirsóknarvert úrval af viðfangsefnum; skapa umhverfi og aðstæður þar sem íbúum hverfisins gefst kostur á að njóta samvista, fræðast, syngja, dansa, ekki síst að skapa og eiga ánægjustundir af öllu tagi.

Sem dæmi má nefna að í hverri viku má velja um bingó, félagsvist, gönguhópa, vatnsleikfimi, jóga, morgunleikfimi, myndlist, postulínsmálun, prjónakaffi, söngstund við píanóið, bókasþjall Guðna Th. Jóhannessonar, bókmenntaklúbb, útskurð, tálgun, tölvufærni og fleira. Ferðalög, leikhúsferðir og ýmsar fleiri uppákomur, námskeið og skemmtanir eru á dagskrá vetrarins.

Dagskráin er á lokastigi undirbúnings og verður aðgengileg í september á Vesturbæjarvefnum, á Facebook-síðu Vesturreita og í prentuðu formi á skrifstofunni. Einnig er hver dagur auglýstur í Morgunblaðinu. Starfsfólkinu er líka sönn ánægja að svara fyrirspurnum, skrá þátttöku á námskeið og leiðbeina gestum okkar á alla lund, hvort sem þeir koma til okkar eða hringja. Ljóst er að af mörgu verður að taka og eftir föngum reynt að hafa nokkuð fyrir sem flesta. Aldri verður of oft kveðin sú vísa að þótt fólk á miðum aldri og eldra nýti sér félagsstarfið meira en yngra fólk þá er það fyrir alla og á síðasta vetur komu ungar mæður í fæðingarorlofi gjarnan á Aflagrandann með börnin sín. Starfsfólkið á Aflagrandi hlakkar til samverunnar með sem flestu fólki í vetur og hvetur sem flesta Vesturbæinga til að koma og njóta daganna. Bara að hafa samband við Guðbjörgu og Stefaníu í síma 411 2702.

Gleði og góðviðri á Stýrimannastígnum

Líf og fjör var á Stýrimannastígnum einn fagran dag í sumar. Þá fögnuðu íbúar, nágrannar og gestir sumrinu og góðu samfélagi við þessa fallegu götu. Hátíðin hófst með því að ungir piltar gengu niður stíginn og slógu í gong. Jóhanna Kristjánsdóttir sagði frá merkri sögu fólksins síns á Stýrimannastíg 7 og fleiri sögðu sögur úr hverfinu.

Ragna Árnadóttir fyrrum dómismálaráðherra var veislustjóri og færði hún Hildi Pálsdóttur veglegan blómvönd frá íbúunum. Hildur er elsti íbúinn við Stýrimannastíginn og mun fagna 99 árunum í vetrarbyrjun. Hildur flutti hingað á stíginn fyrir rúmlega hálfri öld með manni sínum heitnum, Halldóri Þorbjörnssyni hæstaréttardómara og Unni dóttur sinni. Ragna sagði að íbúana langaði með þessu að þakka Hildi fyrir allt. Hún væri leiftrandi skemmtileg, jákvæð og dugleg. Engin elli kerling þar á bæ. Það er lýsandi fyrir Hildi að það var hún sem bauð nágrönnunum inn til sín í eftirveislu. Það urðu svo fagnaðarfundir þegar Pétur Emilsson, fyrrverandi kaupmaður í Pétursbúð á Ægisgötunni kom við og heilsaði upp á fyrrverandi viðskiptavini sína. Á Stýrimannastígnum er sannarlega gott samfélag – eiginlega eins og stórfjölskylda.



Jón Gunnar Schram skálar við nokkra gesti á Stýrimannstígnum.



Veglegt veisluborð á Stýrimannastígnum.



Ragna Árnadóttir fyrrverandi ráðherra og Hildur Pálsdóttur elsti íbúi götunnar 99 ára.

Heimilisaðstoð/ liðveisla

Tek að mér létt heimilisverk, aðstoð við útréttingar og liðveislu ýmis konar.

Hef meðmæli. S: 788 8951. María

www.borgarblod.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



GOTT Á GRILLIÐ



LAMBA

LÆRISSNEIÐAR

Bragð: Mild paprika, chili og hvítlaukur

Grilltími: 4-5 mínútur á hvorri hlið

Tillaga að meðlæti: Ferskt salat, bökuð kartafla og piparsósa

Verði ykkur að góðu!



-alltaf góður

Spennandi tímar framundan

... segir Skúli Ólafsson prestur í Neskirkju

Skúli S. Ólafsson tók við embætti prests í Neskirkju fyrr á þessu ári. Skúli var áður sóknarprestur í Keflavíkurstakalli, en einnig hafði hann þjónað á Ísafirði og verið prestur Íslendinga í Svíþjóð. Skúli lauk doktorsnámi frá Háskóla Íslands fyrir um ári. Tíðindamaður settist með Skúla á notalegu kaffihúsi í safnaðarheimili Neskirkju á dögunum. Fyrsta verk prestsins var að búa til gott espressó kaffi fyrir komumann.

„Ég hef lengi haft augastað á þjónustu í þessum söfnuði og fyrir áratug sótti ég um um hér í Neskirkju. Að mínu mati býður Neskirkja upp á einhverja bestu aðstöðu sem þekkest í kirkjum hérlendis. Safnaðarheimilið er vel skipulagt og kaffihúsið sem tekið var í notkun fyrir rúmum áratug, gefur því skemmtilega vídd. Kirkjuskipið er tilgerðarlaust og notalegt, stíllinn minnir helst á stásstofu frá sjötta eða sjöunda áratug liðinnar aldar. Hugsunin var að fólki liði hér vel og ég er viss um að sú sé einmitt raunin. Kirkjan er hönnuð í móðernískum stíl sem farin var að ryðja sér rúms þegar hún var hönnuð um miðja síðustu öld. Slíkar byggingar hafa ekki alls staðar komið vel út og sumar eru kaldar og fráhrindandi,” segir Skúli. „Ágústi Bjarnasyni arkitekt og hönnuði kirkjunnar tókst á hinn bóginn vel til við að brjóta hefðbundið kirkjuform upp og laga það að nýrri hugsun. Kirkjubyggingin var framsækið verk á þeim tíma en hefur elst og reynst vel. Hún er orðin klassísk og er ein þeirra þriggja bygginga í þessum

anda sem risu á Melunum, með skömmu millibili og styðja vel hver aðra. Þær eru auk Neskirkju, Háskólabíó og Hótel Saga.“

Ekki að ástæðulausu að hverfin eru eftirsótt

Skúli segir það ekki að ástæðulausu að Haga- og Melahverfin eru jafn eftirsótt og raun ber vitni, enda hafa byggingarnar staðist tímans tönn. „Þegar við leituðum að húsnæði í Reykjavík nú um áramótin, stóð hugur okkar til þessa borgarhluta en vegna þess hversu eftirsóttur hann er var lítið að hafa og verðlagið æði hátt. Húsnæðisleitin endaði því með kaupum á húsnæði rétt við Laugardalinn. Það er líka ágætur staður. Skammt út í náttúruna og ekki það langt í burtu að við hjónin hjólum daglega til og frá vinnu. Frúin mín er lögreglustjóri á Höfuðborgarsvæðinu og leggur því hjólhesti sínum við lögreglustöðina á Hverfisgötu þar sem hún sinnir krefjandi þjónustu.“

Á flakki í tvo áratugi

„Talið berst lengra aftur í tímann, vestur á Ísafjörð og til Svíþjóðar. Skúli segir fjölskylduna hafa verið á flakki í heila tvo áratugi. Árið 1995 héldum við til náms í Kaupmannahöfn. Þaðan lá leiðin vestur á Ísafjörð, svo til Svíþjóðar og aftur á gamlar slóðir á milli fjallanna vestur á fjörðum. Konan mín hafði fengið veitingu fyrir sýslumannsembætti þar og ég fór að starfa við skóla- og æskulýðsmál hjá bæjarfélaginu. Þar lærði ég margt einkum er



Sr. Skúli Ólafsson.

snertir stefnumótun og rekstur nokkuð sem ekki er kennt í guðfræðinni en hefur síðan nýst mér vel í prestsstarfinu. Þarna dvöldum við fram til 2006 að ég var valin sóknarprestur í Keflavík. Þar var ég svo í níu ár eða þangað til ég kom hingað í Neskirkju.“

Tugur milljóna í velferðarsjóð

Talið berst að Keflavík og Suðurnesjum. „Á þeim tíma er mig bar þar að garði, voru blikur á lofti, sem tæpast fóru fram hjá mér fremur en öðrum. Þegar herinn fór tók að bera á atvinnuleysi sem skall á af fullum þunga í kjölfar hrunsins. Þrátt fyrir þetta þá hefur margt gott verið gert á Suðurnesjum sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Skólakerfið hefur gengið í gegnum endurnýjun og leik- og grunnskólar í bænum eru nú í

fremstu röð hérlendis. Þá sýndi samfélagið einstakan samtakamátt og fólk gaf af fádæma rausnarskap til nauðstaddra mitt í þrengingum sínum. Leiðtogar sem störfuðu á vegum Keflavíkirkirkju stofnsettu Velferðarsjóð sem kirkjan sinni og hélt utan um. Sjóðurinn varð einn helsti samnefnarinn fyrir það jákvæða sem átti sér stað á þessu svæði á þessum tímum, en í hann söfnuðust tugir milljóna af frjálsum framlögum. Fyrir vikið tóks að draga úr félagslegum ójöfnuði og beindum við kröfum okkar einkum að börnum sem nutu stuðnings til tómstundastarfs og menntunar.“

Spennandi tímar framundan

Víkur nú talinu aftur vestur á Melana. „Framundan eru spennandi tímar í Neskirkju. Safnaðarstarf á okkar dögum þarf að fylgja skýrum línunum. Við eins og aðrir eigum í samkeppni viljum nýta vel þann tíma sem fólk nýtir í okkar umhverfi. Hlutverk okkar er ekki síst að skapa jarðveg fyrir samtal um mikilvæg málefni sem brenna á fólki. Sum þeirra varða trú okkar og tilvist, önnur snerta á þeim dýrmæta tilgangi sem ég held að búi innra með okkur öllum - að gera gagn. Í því sambandi efnum við til Samtals á Kirkjutorgi, þar sem sjónum verður beint að þjónandi forystu - hugmyndafræði sem tengir saman leiðtogasýn og viljann til að starfa í þágu góðra verka. Fleira mætti nefna. Í samstarfi við Dómkirkjuklerka bjóðum við upp á sjö kvöldna námskeið sem ber það gegnsæja heiti, „Hvað er

kristin trú?“ Söfnuðurinn býr að góðum rekstri, öflugum æskulýðs- og tónlistarstarfi. Nýverið lukum við námskeiði fyrir fermingarbörn sem er fyrsti hlutinn af fermingarfræðslu vetrarins. Hópurinn er alveg frábær og það var gaman að kynnst þessum krökkum. Þar sem endranær lítum við á það sem hlutverk okkar að taka þátt í samtali, við viljum ekki bara svara heldur líka spyrja og það var einstaklega fróðlegt að heyra sjónarmið þessa unga fólks. Fermingarfræðslan tengist líka því læsi sem við teljum nauðsynlegt að hafa á menningu okkar samfélags. Tungumálið, siðferðið og hinar ýmsu listgreinar hafa sótt mikið í sjóði Bibliunnar og á sama tíma og skólakerfið hefur dregið úr fræðslu á því sviði verður hlutverk kirkjunnar enn brýnna.“

Kirkjan á eftir að spjara sig

Í framhaldi af þeim orðum væri fróðlegt að vita hvað Skúla kann að finnast um stöðu kirkjunnar á okkar tímum. „Ég er í engum vafa um að kirkjan á eftir að spjara sig. Það mótlæti sem á henni hefur dunið undanfarið á eftir að styrkja hana og stuðla að því að kirkjunnar fólk endurskoði ýmislegt í skipulagi og boðun þessa gróna samfélags sem kirkjan er. Mér er vel kunnugur sá kraftur sem býr í söfnuði, það þekki ég frá þjónustu minni, ekki síst í Keflavík. Hvað sem bíður á komandi tímum er ljóst að erindi kirkjunnar er mikilvægt og kröfurnar sem til okkar eru gerðar verða sífellt meiri. Því ber vitaskuld að fagna.“

Dansskóli
Birnu Björns

Dansnámskeið haustönn 2015

Reykjavík

Kópavogur

Garðabær

Hafnarfjörður

Komdu og vertu með!

Allt það nýjasta í dansheiminum í dag. Við bjóðum uppá vandað markvisst dansnám frá 2ja ára aldri. Kennarar eru með áralanga reynslu sem kennarar dansarar og danshöfundar. Byrjenda og framhaldsflokkar

Kennsla hefst 7.sep

Kennt frá 2ja ára aldri

Nýtt! Söngleikjadans/ballett fyrir yngstu börnin

Danskeppni

Sýningarhópar

Hvatningarverðlaun

Erlendir gestakennarar

Dansferðir erlendis

Nemendasýningar

Þemadagar

Valtímar

Tækni tímar

Workshop

JAZZ

FUNK

LYRICAL

HIPHOP

COMMERCIAL

O.F.L.

Innritun hafin!

www.dansskolibb.is

Skóladagar

→ **20% afsláttur
af gleraugum**

→ **15% afsláttur
af linsum**

→ **Sjónmælingar**

101 optic



Hverfisráð óskar eftir styrkumsóknum

Hverfisráð Vesturbæjar auglýsir nú eftir áhugasömum einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum til að sækja um í sjóð ráðsins. Hverfisráðið mun úthluta að hámarki 200.000 kr. þann 1. nóvember 2015. Umsóknum skal skilað fyrir 1. okt. nk. í rafrænu formi til Harðar Guðbjörnssonar sem er verkefnisstjóri í Vesturgarði á netfangið hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Markmið með styrkjum Hverfisráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að ýmsum verkefnum og uppákomum í Vesturbænum. Hverfisráðið ákveður í sameiningu hvort viðkomandi umsækjandi fái þann styrk sem sótt er um. Árleg framlög eru að hámarki 400.000 kr. en úthlutað er úr sjóð ráðsins tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóvember.

Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert og skal auglýsa opinberlega í hverfismiðlum Vesturbæjar þegar hægt er að sækja um í sjóðinn. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð, hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf og hvort unnt sé að meta framvindu verksins. Greiðslur úr sjóðnum verða greiddar út í einni greiðslu til viðkomandi aðila sem hljóta styrk hverju sinni. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu um framvindu verkefnisins til verkefnastjóra félagsauðs og fristunda í Vesturgarði í síðasta lagi ári eftir að styrkurinn er greiddur. Hverfisráð getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín en ráðið metur hvort þörf er á því hverju sinni.

Stungið fyrir stækkun Vesturbæjarskóla

Vesturbæjarskóli verður stækkaður á næstunni. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Margrét Einarsdóttir skólastjóri og börn í Vesturbæjarskóla tóku á dögnum fyrstu skóflustungunar að viðbyggingu við skólann sem tekin verður í notkun haustið 2017. Með nýrri byggingu við skólann er verið að mæta þörf vegna aukins nemendafjölda. Undirbúningur hefur staðið yfir undafarnar vikur og þurft hefur að færa lausar kennslustofur sem standa á lóð skólans vegna framkvæmdanna.

Nýja viðbyggingin verður 1.340 fermetrar og mun hún hýsa hátíðarsal, eldhús fyrir nemendur, sérkennslustofur og almennar kennslustofur. Á fyrstu hæð verður hátíðarsalur með aðstöðu fyrir skólahljómsveit og kennslustofur fyrir tónmennt. Salurinn tengist mótuneyti og verður einnig nýttur sem matsalur. Á annarri hæð verða fjórar almennar kennslustofur og myndmenntastofa. Á þriðju hæðinni kemur náttúrufræðistofa og útisvæði með gróðurreitum þar sem hægt verður að rækta grænmeti. Auk viðbyggingarinnar verða einnig gerðar breytingar á eldra húsnæði



skólans, en bókasafn og tölvuver verða endurbætt. Þá verður frístundaheimili við Vesturvalla-götu endurgert með tilliti til eldvarna og flóttaleiða. Áætlað er að taka viðbygginguna í notkun haustið 2017.

Rask og götulokanir

Eins og búast má við verður talsvert rask vegna framkvæmda og þarf að loka hluta gatna. Til að bæta aðstöðu barna og stækka

leiksvæði þeirra verður Vestur-vallagata lokað tímabundið milli Hringbrautar og Ásvallagötu. Til að bæta aðkomu að framkvæm-dasvæði verður Framnesvegi breytt tímabundið í einstef-nugötu til norðurs milli Hring-brautar og Sólvallagötu. Áætlað er að jarðvegsframkvæmdum ljúki í október og að tekið verði til við uppsteypu á næsta ári. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmda við viðbygginguna er 720 milljónir.

NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2015

ALMENN NÁMSKEIÐ

Teikning 1	Málun 1
Teikning 2	Málun framhald
Teikning portrett	Málun - vinnustofa
Módelteikning	Málun - form, lína og áferð
Módelteikning framhald	Vatnslitun
	Tilraunir teikning og vatnslitun
Litaskynjun	Myndlist 60+
Leirkerarennsla	
Leirmótun og rennsla	
Gróðurhús hugmyndanna	Vinnustofa fyrir fólk með þroskahömlun
Spjöllum saman um myndlistarsýningar	

BARNA OG UNGLINGANÁMSKEIÐ

4-5 ÁRA myndlist	13-16 ÁRA
6-9 ÁRA myndlist	Vöruhönnun og leir
8-12 ÁRA	Leirmótun og rennsla
Leirrennsla og skúlptúr	Málun og blönduð tækni
Leirrennsla og mótun	Teikning málun grafík
	"Animation", video og myndasögur
10-12 ÁRA	Námskeið í Miðbergi Breiðholti
Teikning	6-9 ára Myndlist
Myndlist	10-12 ára Myndlist
Video- og hreyfimyndagerð	
Myndasögur og myndrænar frásagnir	

Skráning á www.myndlistaskolinn.is og í síma: 551 1990

JL húsinu - Hringbraut 121

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

20% FRAMHALDSSKÓLAUFSLÁTTUR

NÁMSKEIÐIN ERU STYRKHÆF HJÁ FLESTUM STÉTTARFÉLÖGUM

HEITT JÓGA

VINYASA

JÓGA

ASHTANGA JÓGA

BIKRAM JÓGA

PILATES

KUNDALINI JÓGA

YIN JÓGA

JÓGA NIDRA

HUGLEIÐSLA

MEÐGÖNGUJÓGA

JÓGA FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI

NÆRINGARRÁÐGJÖF

REGLUBUNDIN NÁMSKEIÐ

SÉRSNIÐNIR FYRIRTÆKJA PAKKAR

SOLIR.IS • SÓLIR JÓGA OG HEILSUSETUR • 571-4444 • FISKISLÓÐ 53 - 55

Unnur Valdís býður Jóga Nidra í Jógastöðinni Sólar

Unnur Valdís Kristjánsdóttir ætlar að bjóða upp á Jóga Nidra tíma í Jógastöðinni Sólar í Örfirsey sem Sólveig Þórarinsdóttir jógakennari og viðskiptafræðingur starfrækir. Jóga Nidra er forn jógaástundun sem nýtur sívaxandi vinsælda í hinum vestræna heimi og þá helst sökum þess hversu djúp og áhrifamikil slökunin er. Fólk er almennt farið að gera sér grein fyrir mikilvægi nærandi slökunar í alhliða heilsuefingu. „Ég hef fundið fyrir því að fólk sækir í Jóga Nidra til þess að losa um spennu og streitu sem er vaxandi fylgifiskur hraða nútímasamfélagsins. Nidra þýðir svefn en ólíkt svefni er Jóga Nidra fyrst og fremst meðvítuð djúpslökun sem hjálpar okkur að losa um spennu og hindranir hugans sem geta dregið úr okkur í daglegu lífi“, segir Unnur í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Unnur hefur lengi haft áhuga á jógavísindunum og að hennar mati er jógaíðkun ein áhrifaríkasta leiðin til að næra sig og styrkja. Jógað losar um stíflur í líkama og huga, örvar framleiðslu á góðu boðefnunum og eykur jafnvægi. „Streita er undirliggjandi orsakaþáttur í mörgum sjúkdómum, segir Unnur. „Hún getur birst í mismunandi myndum og er stundum svo samofin tilverunni að við tökum jafnvel ekki eftir henni fyrr en hún er farin að valda vandamálum. Þá er gott að geta farið inn á við í nærandi djúpslökun til þess að efla og styrkja tengslin við okkar innri kjarna. Auk þess sem Jóga



Unnur Valdís á floti með flothettuna sem hún hannaði.

Nidra losar um streitu felur hún einnig í sér nærandi heilun og getur bæði virkað verkjastillandi og kvíðalosandi.

Slökunarmáttur vatnsins er vel þekktur

Unnur Valdís starfar sem vöruhönnuður. Hún hannaði meðal annars flothettuna sem notið hefur mikilla vinsælda í sundlaugum landsins undanfarið ár. Þess má geta að í samstarfi við Systrasamlagið á Seltjarnarnesi hafa verið haldin úti regluleg samflot í sundlaug Seltjarnarness. Samflot eru hugsuð sem slökunarstund í vatni, þar sem fólk kemur saman til að njóta fljótandi slökunar í þyngdarleysi vatnsins. En hvernig kom hún til? „Flothettan varð til út frá hugleiðingum mínum um breyttar áherslur í heilsuefingu og þeirri hugmynd að tíðarandinn kalli á fleiri valmöguleika sem

miða að ró og slökun. Slökunar- og endurnærandi máttur vatnsins er vel þekkt staðreynd og rannsóknir sýna að við það að sleppa tökunum og leyfa sér að fljóta um í þyngdarleysi á sér stað mjög mögnuð og góð slökun. Núna eru starfrækt Samflot í að minnsta kosti sjö sundlaugum víðs vegar um landið.“

Við tökum á mýktinni

Unnur kveðst geta lofað ljúfum og nærandi Jóga Nidra tímum í Sólum í haust og vetur. „Við tökum þetta á mýktinni og látum af öllum metnaði og kröfum. Íðkunin fer fram að mestu í liggjandi hvíldarstöðu, umvafin í teppi og notalegheitum. Markmiðið er að eiga djúpa og nærandi slökunarstund. Eitthvað sem heimurinn þarf meira af,“ segir Unnur Valdís að lokum.

Ballettskóli

Guðbjargar Björgvins

Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi
S: 562-0091 695-0399

Netfang: gbballett@simnet.is Heimasíða: www.gbballett.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

Öll rúnstykki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is



Dansskóli Birnu Björns að hefja vetrarstarfið

Dansskóli Birnu Björns er að hefja haust- og vetrarstarfið. Skólinn með vandað markvisst dansnám en skólinn hefur verið starfandi í 20 ár við góðan orðstír. Merki skólans er metnaður framkoma dansgleði og er markmiðið að þjálfunin skili góðum árangri og framförum frá ári til árs.

Mikið er um að vera á dansárinu og voru nemendur og kennarar að koma frá London úr dansferð og munu kynna fyrir nemendum skólans alla þær nýjungar úr dansheiminum erlendis frá. Í sumar sýndu nemendur á 17. júní víðs vegar um bæinn, dönsuðu í Söngvaborg og einnig með Gunna og Felix.

Kennarar skólans tóku þátt í Eurovision og sýningarhópur skólans tók að sér fjölmörg verkefni. Í vetur verður danskeppnin og dansfárið á sínum stað auk þess sem skólinn mun fá heimsfrægan gestakennara erlendis frá. Síðan eru þemadagar fram undan, jólavikan, nemandasýningar og margt fleira. Nýtt og spennandi Musical theatre verður með Birnu og Eurovisionstjórunni Mariu Ólafsdóttur byrjar í september og núna ætla skólinn að bjóða upp á námskeið fyrir 2 til 3 ára og 4 til 5 ára þar sem kennt verður ballett og söngleik-jadansar undir leiðsögn ballett og jazzballettkennara.

Hverfishátíð í Skerjafirði

Íbúasamtök Skerjafjarðar, Prýðifélagið Skjöldur stóðu fyrir veglegri hverfishátíð á dögunum en um árlegan viðburð er að ræða. Mikið var um að vera þennan dag í hverfinu eins og jafnan.

Hátíðin hófst á sögugöngu með Þór Magnússyni fyrrverandi þjóðminjavörð og kassabílarallý fyrir börnin en mikill undirbúningur er hjá börnunum fyrir það og er byrjað snemma sumars á að gera

kassabílana og prufukeyra þá fyrir rallíið. Börnin skemmtu sér svo í leik og fótboltakeppni við foreldra og síðan voru grillaðar pylsur sem börnin renndu niður með bestu lyst.

Um kvöldið var svo skemmtun þar sem Sigvaldi Kaldalóns stýrði fjöldasöng við góðar undirtektir íbúa.



Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Hólmfríður Gunnarsdóttir, Efímía Guðmundsdóttir og Sigvaldi Kaldalóns sem stýrði fjöldasöng taka lagið.



Á þessari mynd má m.a. sjá; Vilhjálmm Andra Kjartansson, Stefni Kristjánsson, Brynju Halldórsdóttir, Hebu Helgadóttur og Kristján Ívar Ólafsson.



Fótboltinn var ekki langt undan á Skerjafjarðardegnum.



Þór Magnússon fyrrum þjóðminjavörður fór fyrir sögugöngu og fræddi íbúa um sögu Skerjafjarðar.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Nesstofa

- Hús og saga -

Ný sýning í Nesstofu sem fjallar um húsið og landlæknisembættið sem stofnað var árið 1760.

Skemmtileg verkefni í boði fyrir fjölskyldur og frístundahópa.

Opið alla daga nema mánudaga frá 13. júní - 31. ágúst kl. 13-17, ókeypis aðgangur.

Nesstofa er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Nánari upplýsingar: í síma 595 9100 eða 530 2200 www.thjodminjasafn.is



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnust alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri



Þorsteinn Elísson útfararþjónusta



Snævar Jón Andrússon útfararþjónusta



Huguín Jónsdóttir útfararstjóri



Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason útfararþjónusta



Ellert Ingason útfararþjónusta



Katla Þorsteinsdóttir lögfræðipjónusta



Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Margt áhugavert að finna í vetrarstarfi Dómkirkjunnar

Vetrarstarf Dómkirkjunnar er að fara af stað. Margt áhugavert og skemmtilegt stendur til boða fyrir alla aldurshópa. Á heimasíðu kirkjunnar domkirkjan.is er að finna nánari upplýsingar um dagskrá kirkjunnar.

Fermingarbörnin hafa undanfarna daga verið á námskeiði í Safnaðarheimilinu, þar er liflegur og skemmtilegur hópur á ferð. Í haust byrjar síðan unglingastarfið Ungdóm og sjá má dagskrána á ungdom.me. Segja má að í barnastarfi kirkjunnar felist útrétt hönd til þeirra foreldra og uppalenda sem vilja að börn þeirra fræðist um Jesú, um bæn og um okkar kristna trúararf eins og segir í frétt frá kirkjunni. Barnastarfið hefst í september og fer fram á hverjum sunnudagsmorgni kl. 11 árdegis. Eins og undanfarna vetur koma börnin í kirkjuna og taka þátt í upphafi messu en fara síðan í fylgd fræðara upp á kirkjuloftið þar sem þau eiga sína samveru, sögur, söng og leiki. Tveir ungir menn, Ólafur Jón Magnússon og Sigurður Jón Sveinsson annast barnastarfið líkt og síðast liðinn vetur.

Opna húsið og önnur starfsemi

Um miðjan septembermánuð hefst Opna húsið á fimmtudögum í Safnaðarheimilinu frá 13.30 til 15.30. Þar er vettvangur að hittast. Góðar veitingar eru á



Mæðgurnar Henný Hinz og Ílmuur Kristjánsdóttir lásu ritningarlestrana í messu á dögnum. Á myndinni eru þær ásamt Karli Sigurbjörnssyni, biskup sem prédikaði.

boðstólum auk samveru og skemmtun. Bæna- og kyrrðarstundir eru alla þriðjudaga kl. 12:10 til 12:30. Léttur hádegisverður er á boðstólum á eftir í safnaðarheimilinu. Stundin er öllum opin og er góður vettvangur til samfélags og fyrirbæna. Messur eru síðan alla sunnudagsmorgna kl. 11 er almenn

messu, og æðruleysismessur eru mánaðarlega yfir vetrartímann. Að lokum má svo minnast á Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar en hún hefur starfað allt aftur til ársins 1930. Kirkjunefndin var stofnuð til þess að standa að þróði Dómkirkjunnar og vinna að líknarmálum. Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann.

- **Ódýr veitingastaður/ bar og kaffihús**
- **Vespuleiga**
- **Laundromat**
- **Sjálfsþjónustu viðgerðaraðstaða fyrir hjól af öllum gerðum**

Opið alla daga 8-23



Bike Cave
Einarsnesi 36 • 101 RVK
www.bikecave.is
Erum á Facebook
Símar 770-3113 og 666-6136



MÆTTU haustinu með MÝKT!



Viridian - fremst meðal jafningja!

Byggðu þið upp með VIRIDIAN vítamínum og bætiefnum fyrir veturinn því þau VIRKA.



MANDUKA - uppáhald jógakennarans!

Allskyns MANDUKA jógaðýnur og -handlæði, jógapúðar, -kubbar og -töskur af bestu gæðum. MANDUKA eru Taj Mahal jógaðýnanna.



Sælkeranæring systra

Ítalskur sítrónuchia- og/ eða franskur súkkulaði hafa verið afar vinsælir í Systrasamlaginu frá upphafi. Lífrænir, vegan, mettandi og stútfullir af bragðgóðri næringu.



Lungamjúkar leggings fyrir jóga og lífsdansinn!

Lungamjúkar leggings fyrir jóga og lífsdansinn! Þær allra vinsælustu frá upphafi. Nú með nýju tvisti. Allt í senn lífrænar, lungamjúkar, líta vel út, sterkar og þægilegar. Allt annað en þreytandi. Hvorki búnta né pirra, þrengja að eða valda kláða. Í svörtu og svörtu og bláu í S-M og L.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 9 - 18
Laugardagar 10 - 16
Opnum aftur 8.30 í september

Hverfisráðið að fara í vetrarbúning

Hverfisráð Vesturbæjar er að hefja vetrarstarf og verða fundir ráðsins haldnir annan fimmtudag í hverjum mánuði fram á voríð 2016.

Fundirnir eru haldnir í Vesturgarði og hefjast kl. 12.00 á hádegi. Ef íbúar hafa einhver málefni sem þeir vilja koma á framfæri er um að gera að hafa samband við Sverri Bollason formann Hverfaráðs, netfang: sverrir@gmail.com eða Hörð Guðbjörnsson verkefnastjóra í Vesturgarði, netfang: hordur.heidar.gudbjornsson@reykjavik.is

Átt þú gamalt hús sem þarf að gera við - hvar á að byrja?



Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa.

Ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni miðvikudaga kl. 15 - 17 og á sama tíma í síma 411 6333.

HÚSVERNDARSTOFA



Minjastofnun
Íslands



Árbæjarsafn
Árbar Open Air Museum



IDAN
fræðslusetur

ÖKUM VARLEGA! SKÓLARNIR ERU BYRJADIR!



Reykjavík Apótek

SJÓVÁ



MELASKÓLI



HAGKAUP
Skemmtilegast að verja



Vesturbæjarblaðið

Yoganámskeið fyrir 60 ára og eldri

Kennslustaður Yoga Vest
Hagamel 67, 107 Reykjavík

Kennarar: Kristján Baldursson og Estrid Þorvaldsdóttir, kundaliniyoga kennarar.
Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14:00, tímabil frá 1. september til loka október 2015. Sadhana alla þriðjudagsmorgna kl. 06:00.

Netföng: kribald@gmail.com og sirimukh78@gmail.com

Símar: 892 3305 Kristján og 866 4281 Estrid



Opnum snemma og lokum seint í JL-húsinu

Við opnum kl:

08 00

virka daga



Og lokum kl:

22 00

alla daga



AFGREIÐSLUTÍMAR
08.00–22.00 VIRKA DAGA / 10.00–22.00 HELGAR
lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
JL-húsinu

Handboltinn aftur á fullt í KR

... segir Ásmundur Einarsson formaður handknattleiksdeildar



Frá æfingu í KR heimilinu.

Á keppnistímabilinu 2015 til 2016 mun KR tefla fram liði í öllum flokkum karla í handbolta, eldri og yngri og í öllum yngri flokkum kvenna. Aukinn kraftur hefur verið að færast í handboltastarfið í KR undanfarin misseri.

Í vor tók nýr formaður, Ásmundur Einarsson, við stjórnartaumunum í handknattleiksdeildinni. Fráfarandi formaður handknattleiksdeildar, Jón Þór Viglundsson fór þó ekki langt því hann situr áfram í stjórn félagsins, ásamt nýjum stjórnarmönnum, Gesti Rúnarssyni og Fjalari Sigurðarsyni.

Konráð Hatlemark Olavsson er nýr yfirþjálfari KR í handknattleik. Konráð er margreyndur landsliðsmaður og mikill KR-ingur. Hann hefur þegar hafið störf og mun móta heildarstefnu í þjálfunarmálum handboltans í KR, auk þess að sjá beint um þjálfun eldri flokka karla. Lið KR í meistaraflokki karla endaði tímabilið í 6. sæti. Að sögn Konráðs er horft til þriggja til fimm ára í starfi meistaraflokksins og starfið mótast af því.

„Við eigum unga og öfluga stráka í KR og við viljum gefa þeim tækifæri til að þroskast sem leikmenn. Um leið og við styðjumst við eldri reynslubolta í meistaraflokki þá er áherslan á að gefa yngri mönnunum, sumum enn í 2. flokki, tækifæri til að eflast og þroskast í erfiðum 1. deildarleikjum. En KR verður í úrvalsdeild að nokkrum árum liðnum, á það stefnum við.“

Steinþór Andri Þjálfar þriðja flokk kvenna

Það telst til tíðinda að þriðji flokkur kvenna í handbolta hefur nú hafið æfingar undir merkjum KR og er það í fyrsta sinn í allmörg ár. Æfingar eru hafnar undir stjórn Steinþórs Andra Steinþórssonar, sem verður þjálfari flokksins í vetur. Mikill hugur er í stelpunum og ánægjuefni að 3. flokkur kvenna í handbolta eigi sér aftur samastað í KR, sem sendir nú lið til keppni í öllum yngri flokkum karla og kvenna. Þjálfarar yngri flokkanna, auk Steinþórs Andra sem áður var nefndur, eru Valur Páll Eiríksson, Dagur Snær Steingrímsson og Björn Ingi Jónsson.

Samningur við Atlantsolíu

Handknattleiksdeild KR gekk nýlega frá samningi við Atlantsolíu um sérstaka afsláttarþykla fyrir eldsneyti handa félagsmönnum og stuðningsmönnum handboltans í KR. Hver lykill færir notandanum 6 króna afslátt af eldsneyti hjá Atlantsolíu, en þar fyrir utan greiðir Atlantsolíu 2 krónur í styrk til félagsins fyrir

hvern lítra af eldsneyti. Afsláttur með KR handboltalyklinum bætist ofan á annan afslátt sem Atlantsolíu veitir hverju sinni og er þarna því komið útlátalaus aðferð fyrir KR-inga til að styðja við bakið á félaginu.

„Þetta er nýstárleg fjáröflunaraðferð til að reka þetta starf án þess að íþyngja heimilunum allt of mikið. Rekstur deildarinnar væri alls ekki mögulegur ef við hefðum ekki stuðninginn frá WOW Air, True North og Seglagerðinni Ægi. Við erum þakklátir þessum stuðningsaðilum handboltans sem styðja dyggilega við bakið á félaginu og gera starfið í raun mögulegt, segir Ásmundur Einarsson, formaður handknattleiksdeildar KR. Hann er bjartsýnn á framtíð handboltans í KR. „Það er engin ástæða til annars en að í KR sé öflugt handboltastarfi, eins og var ávallt hér áður fyrr. Það er ekki nema sjálfsagt að börn og unglingar í vesturbæ Reykjavíkur eigi kost á því að æfa og leika þjóðaríþrótt Íslendinga í sínu heimahverfi“, sagði Ásmundur Einarsson, formaður handknattleiksdeildar í samtali við Vesturbæjarblaðið.

KR-SÍÐAN



KR segir sig úr keppni



Stjórn körfuknattleiksdeildar KR hefur ákveðið að segja sig úr keppni og verður kvinnalið félagsins því ekki með í Dominos-deild kvenna á komandi vetri. KR-liðið hefur misst marga lykilmenn í sumar og er það mat stjórnarinnar að þær ungu stelpur sem skipa nú meistaraflokk kvenna eigi frekar erindi í 1. deildina en í Dominos deildina.

Í fréttatilkynningu sem KR hefur sent frá sér kemur fram að metnaður KR er að skipa öflugt lið í báðum meistaraflokkum félagsins og hvergi verður slakað

á í umgjörð kvinnaliðsins. Markmiðið er nú að byggja upp þá ungu leikmenn sem munu koma úr yngri flokka starfinu, byggja upp öfluga leikmenn sem munu innan fárra ára koma KR aftur í fremstu röð í kvennaboltanum.

Eftir að hafa metið stöðu meistaraflokks kvenna hjá KR hefur stjórn deildarinnar ákveðið að það sé langtíma hagsmunum liðsins og félagsins fyrir bestu að KR segi sig úr keppni í Dominosdeild kvenna og taki þátt í 1. deild kvenna á komandi tímabili.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107

Sundæfingar/ sundkennsla

Sundæfingar fyrir 7 ára og eldri hefjast 1. september í Vesturbæjarlaug, Sundhöllinni og Neslauginni.

Sundskóli KR fyrir 4-6 ára börn hefst 7. sept í Sundhöllinni og 14. september í Austurbæjarskóla.

Nánari upplýsingar á www.kr.is/sund/





HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ BORDAÐU Á STAÐNUM

flúvurmatur





www.kr.is





HÚSAVIÐGERÐIR.IS



*Leila
boutique*

Laufey Birkisdóttir

Snyrti, förðunar- og nuddfræðingur

Leila boutique

Eiðistorgi 2 hæð

sími 5512323

Dermatude - húðmeðferð

Nouveau Contour - varanlegt augn, vara- og augabrúnameðferðir

Epilast - háreyðing

Allar almennar snyrtimeðferðir - Clarins vörur

Ég tek vel á móti ykkur, hlý og persónuleg þjónusta